



Akraneskaupstaður

Verlagsreglur um starfsemi leikskóla Akraneskaupstaðar

1. Innritun

- 1.1. Umsóknareyðublöð um leikskóladvöl, breytingu á dvalartíma og flutning milli leikskóla liggja frammi í afgreiðslu bæjarskrifstofu og á heimasíðu Akraneskaupstaðar www.akranes.is. Í umsókn skal gerð grein fyrir æskilegum dvalartíma barns.
- 1.2. Þeir sem eiga lögheimili á Akranesi geta sótt um leikskóladvöl. Þeir sem tekið hafa ákvörðun um að flytja á Akranes geta sótt um leikskóla þremur mánuðum fyrir flutning. Verði ekki af flutningi innan þessa tíma fellur umsóknin niður.
- 1.3. Barn getur innritast í leikskóla á því ári sem það verður tveggja ára. Við innritun er horft til aldurs barns þannig að eldri börn hafa forgang umfram yngri. Leitast er við að systkini séu í sama leikskóla. Innritun fer að jafnaði fram í júní – ágúst.
- 1.4. Ef skráðir eru tveir leikskólar á umsókn koma báðir til greina við úthlutun.
- 1.5. Börn eiga forgang í leikskóla sem að mati sérfræðinga hafa þörf fyrir leikskóladvöl. Umsóknir um forgang eru teknar fyrir á fundi með sérfræðibjónustu skóla. Beiðni um forgang þarf að fylgja bréf frá sérfræðingum eða læknisvottorð.
- 1.6. Ef foreldrar óska eftir flutningi milli leikskóla eftir að leikskólaganga hefst, eða ber að fylla út nýja umsókn og gilda þá sömu reglur og með aðrar umsóknir.
- 1.7. Ef óskað er eftir breytingu á umsöndum dvalartíma skal ósk þar um berast til leikskólastjóra með 15 daga fyrirvara og miðast við mánaðamót. Breyting á vistunartíma skal gilda eigi skemur en þrjá mánuði.

2. Dvalartími

- 2.1. Leikskólarnir eru opnir frá kl. 07:30 til kl. 17:00. Dvalartími barns er skipulagður í samráði við leikskólastjóra og foreldra. Leikskólarnir bjóða upp á dvalartíma frá kl. 17:00 til 17:30 ef foreldra fimm barna eða fleiri óska eftir dvöl á þeim tíma. Stefnt skal að því að daglegur dvalartími barns verði ekki lengri en 9 klst. Ef dvalartími barns er umfram 8 klukkustundir er heimilt að semja um stundarfjórðung eftir það
- 2.2. Leikskólinn Vallarsel býður upp á dvalartíma frá kl. 06:45 ef foreldrar þriggja barna eða fleiri óska eftir dvöl á þeim tíma. Beiðni þar um skal liggja fyrir í byrjun skólaárs.
- 2.3. Barn í leikskóla skal taka 4 vikna samfellt sumarleyfi ár hvert. Óski foreldrar eftir því að taka lengra sumarleyfi en 4 vikur eða taka það á öðrum tíma en í tengslum við sumarlokun leikskóla, skal fella niður fæðisgjald ef um er að ræða tvær vikur eða lengri fjarvistir samfellt.
- 2.4. Leikskólarnir loka fjóra daga á ári vegna skipulags- og fræðsludags. Þeir dagar skulu vera valdir með tilliti til skipulagsdaga í grunnskólunum eða þegar grunnskólanemendur sækja ekki skóla. Leikskólagjald er ekki fellt niður vegna þessara daga.

3. Gjaldskrá

- 3.1. Gjaldskrá leikskóla er endurskoðuð einu sinni á ári og tekur bæjarstjórn ákvörðun um breytingar á henni.



Akraneskaupstaður

3.2. Afsláttur vegna systkina er 50% vegna annars systkinis og 75% vegna þriðja systkinis og nær til dvalargjalds.

Systkinaafsláttur gildir milli dagforeldra, leikskóla, skóladagvistar, sérdeilda og lengdrar viðveru fyrir nemendur með fötlun í 5.-10. bekk. Afslátturinn reiknast af dvalargjaldi vegna leikskóla, sérdeilda eða skóladagvistar allt eftir aldri barnsins. Greitt er fullt gjald vegna yngsta barns og síðan koll af kolli.

3.3. Einstæðir foreldrar greiða lægra gjald eins og fram kemur í gjaldskrá og skal sækja um slíka ívílnun til fulltrúa í fjárreiðudeild bæjarskrifstofu og skila viðeigandi gögnum með umsókn. Hefji einstætt foreldri sambúð skal greiða hærra gjald þegar sambúð hefst. Slíti foreldrar sambúð þarf að leggja fram vottorð frá sýslumanni og lækkar þá gjald frá næstu mánaðamótum eftir að vottorð berst.

3.4. Námsmenn greiða lægra gjald ef báðir foreldrar eru í fullu námi í framhaldsskóla eða háskóla skv. viðmiðun LÍN. Sækja skal um slíka ívílnun til fulltrúa í fjárreiðudeild bæjarskrifstofu. Skila þarf innritunarvottorði frá skóla í upphafi hverrar annar. Einnig þarf að skila vottorði um námsframvindu eða námslok í júní og janúar. Vottorðum skal skila til fulltrúa í fjárreiðudeild bæjarskrifstofu. Fjölskylduráð Akraneskaupstaðar úrskurðar um vafaatriði.

3.5. Geti barn ekki sótt leikskóla vegna veikinda í fjórar vikur samfellt eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af leikskólagjöldum. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknisvottorðs sem staðfestir að barnið hafi ekki getað sótt leikskóla. Sækja verður um afsláttinn innan þriggja mánaða frá því að veikindum lýkur.

3.6. Gjalddagi leikskólagjalda er 10. hvers mánaðar og eindagi 5. næsta mánaðar.

3.7. Ef um þriggja mánaða skuld eða eldri er að ræða skoðast það sem uppsögn á leikskóladadvöl.

3.8. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við mánaðamót.

4. Ráðgjöf og viðtalsþjónusta

4.1. Allar nánari upplýsingar er varða leikskólamál eru veittar á bæjarskrifstofu, Stillholti 16-18.

Sálfræðingar, iðjuþjálfir og talmeinafræðingur eru starfandi við leikskóla
Akraneskaupstaðar.

4.2. Komi upp ágreiningur um framkvæmd þessara verklagsreglna er hægt að vísa málun til fjölskylduráðs Akraneskaupstaðar

Leikskólar Akraneskaupstaðar eru:

Leikskólinn Garðasel Lerkigrund 9 431 2004 gardasel@akranes.is

Leikskólinn Teigasel Laugarbraut 20 431 1898 teigasel@akranes.is

Leikskólinn Vallarsel Skarðsbraut 6 433 1220 vallarsel@akranes.is

Leikskólinn Akrasel Ketilsflöt 2 433 1260 akrasel@akranes.is

Þannig samþykkt á fundi fjölskylduráðs Akraness þann 15. maí 2012

Helga Gunnarsdóttir
Helga Gunnarsdóttir
framkvæmdastjóri Fjölskyldustofu